

að stefnanda hefði mátt vera ljóst, að leki kynni að vera á húsinu. Með hliðsjón af því svo og með tilliti til verðs hússins þykja eigi efni til að taka kröfu stefnanda til greina, og ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Þá greiði stefnandi stefndu kr. 280.000 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ingólfi Hrólfssyni verkfræðingi og Steingrími Jónssyni múrarmeistara.

Dómsorð:

Stefnda, Rósa Sigurþórsdóttir, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðrúnar Ingimundardóttur. Stefnandi greiði stefndu kr. 280.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1981.

Nr. 232/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Leyfi til kæru. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 12. s. m. Krefst hann þess, að dæmt verði, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar

Ekki hefur verið leitað leyfis ríkissaksóknara til að kæra úrskurð sakadóms til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

21. október 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 21. október, var háð dómþing saka-
dóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykja-
vík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp
kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Þann 17. sept. sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Erni
Sigfússyni, Hverfisgötu 78, Reykjavík, fyrir ætluð brot gegn
fíkniefnalöggjöf.

Nefndum Erni var birt ofangreind ákæra 28. sept. sl., en mál-
ið þingfest hér í dómi 2. október sl.

Við síðastnefnda þingfestingu var að ósk Arnar Sigfússonar
orðrétt eftir honum bókað svo: „Vegna kæru, er ég og 52 aðrir
aðilar lögðu fram á hendur þessa dómstóls og fíkniefnalögreglu,
þá óttast ég, að dómstóllinn verði óvilhallur, en ekki hlutlaus,
eins og lög kveða á um, og þykir mér það sýnt.“

Þá gerði margnefndur Örn síðar í sama þinghaldi þá kröfu,
„að skipuðum dómendum þessa dómstóls verði vikið úr starfi
og aðrir réttssýnni taki þeirra sæti.“

Í framhaldi af ofangreindu og í sama þinghaldi færði Þórður
Þórðarson fulltrúi til bókar, að enda þótt í fyrri orðréttri til-
vitnun hér að ofan fælist bersýnileg þversögn og ekki yrði um
þá síðari fjallað í þessu máli eða á þessum vettvangi, þætti rétt
að telja fram kominn þann vilja Arnar Sigfússonar, að í úr-
skurði yrði tekin afstaða til hæfis dómara varðandi meðferð
ofangreinds máls.

Undirritaður óskaði með bréfi, dags. 2. okt. sl., til Jóns Thors,
deildarstjóra í dómsmálaráðuneyti, upplýsinga um tilvist og eðli
„kæru“, er átt gæti við ofanritað, svo og hvort hún hefði, ef til
væri, hlotið umfjöllun ráðuneytis eða hvað ráðgert væri í því
sambandi.

Í svarbréfi Jóns Thors deildarstjóra, dags. 6. okt. sl., var stað-
fest, að ráðuneytið hefði 30. mars sl. móttakið tvö bréf, annað
dags. 27. mars 1981, frá Eggert B. Arnórssyni, en hitt dags. 27.
og 30. mars 1981, frá Agnari Agnarssyni, og í nefndum bréfum

verið fram bornar ýmsar sakir á hendur Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Fylgdu margnefnd bréf í ljósriti til dómsins, en fram var tekið af hálfu ráðuneytis, að umrædd erindi hefðu þar ekki hlotið afgreiðslu.

Ráða má af ljósriti undirskriftalista, er dómsmálaráðuneyti sendi þessu embætti með ofangreindum bréfum Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar, að nefndir listar séu taldir bréfum viðkomandi og að ofangreindur Örn Sigfússon sé einn þeirra, er nafn sitt ritaði á lista.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 12. þ. m., var undirrituðum tilkynnt, að ráðuneytið hefði afgreitt áður margnefnd erindi Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar og ekki talið þau gefa tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytis.

Fylgdu með ofangreindu ljósrit svarbréfa ráðuneytis, dags. 9. þ. m., til Agnars og Eggerts margnefndra.

Dómari ákvað með vísan til ofanritaðs og hliðsjón af 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, að úrskurðað skuli í tvennu lagi um ofangreinda kröfu Arnar Sigfússonar. Í þessum úrskurði verður því aðeins fjallað um þá kröfu, að Ásgeir Friðjónsson sakadómari skuli talinn vanhæfur til að vinna eða láta vinna að ofangreindu sakadómsmáli nr. 827/1981.

Með vísan til ofanritaðs og að athuguðum og virtum þar greindum gögnum þykir ekkert fram komið, er valdi vanhæfi Ásgeirs Friðjónssonar til þess að láta vinna að máli ákærvaldsins á hendur Erni Sigfússyni, og verður krafa síðastnefnda því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu Arnar Sigfússonar um, að Ásgeir Friðjónsson sakadómari skuli talinn vanhæfur til þess að vinna eða láta vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981.